

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. júlí 2010 í máli nr. S-500/2010:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson, aðstoðarsaksóknari)

gegn

Davíð Garðarssyni

(Karl Georg Sigurbjörnsson, hrl.)

Guðlaugi Agnari Guðmundssyni

(Björgvin Þorsteinsson, hrl.)

Jóhannesi Mýrdal

(Haukur Örn Birgisson, hrl.)

Péttri Jökli Jónassyni og

(Sveinn Andri Sveinssyni, hrl.)

Orra Frey Gíslasyni

(Jóhann Hafstein, hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 15. júlí sl., er höfðað með ákæru útgefni af ríkissaksóknara 2. júlí 2010 á hendur Davíð Garðarssyni, kt. 000000-0000, Ægisgötu 5, Reykjavík, Guðlaugi Agnari Guðmundssyni, kt. 000000-0000, Holtsgötu 12, Hafnarfirði, Jóhannesi Mýrdal, kt. 000000-0000, Seljabraut 38, Reykjavík, Pétri Jökli Jónassyni, kt. 000000-0000, Hverfisgötu 59, Reykjavík og Orra Frey Gíslasyni, kt. 000000-0000, Bollagötu 14, Reykjavík.

Fyrir hegningar- og fíkniefnalagabrot framin í Reykjavík á árinu 2010 nema annað sé tekið fram:

I.

Gegn ákærðu öllum fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa í mars og apríl, staðið saman að innflutningi á samtals 1.594,43 g af kókaíni til Íslands frá Spáni ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Fíkniefnin voru falin í þremur ferðatöskum sem ákærði Jóhannes flutti til landsins með farþegaflugi. Allt eins og nánar er lýst í ákæruliðum I/1– I/5:

1. *Ákærði Guðlaugur Agnar* lagði á ráðin um og fjármagnaði að hluta innflutning fíkniefnanna ásamt meðákærða Orra Frey og öðrum vitorðsmanni. Ákærði setti sig í samband við meðákærða Orra Frey í því skyni að finna einstakling til að flytja fíkniefni til landsins, afhenti honum 5.000 evrur til að greiða fyrir fíkniefnin og lagði til bifreiðina RA-263 sem fíkniefnin voru síðar sett í, sbr. ákæruliði I/2-I/4. Þá fékk ákærði meðákærða Orra Frey til að setja sig í samband við vitorðsmanninn, sem staddur var á Spáni, og gefa honum upp símanúmer meðákærða Jóhannesar.

2. *Ákærði Orri Freyr* lagði á ráðin um og fjármagnaði að hluta innflutning fíkniefnanna ásamt meðákærða Guðlaugi Agnari. Ákærði setti sig í samband við meðákærða Davíð og fékk hann til að finna mann til að flytja fíkniefni til landsins. Ákærði afhenti meðákærða Davíð 269.000 krónur til greiðslu á flugmiða og upphaldi meðákærða Jóhannesar og 17.000 evrur til að greiða fyrir fíkniefnin. Ákærði hafði samband við vitorðsmanninn á Spáni í gegnum tölvu og gaf honum upp símanúmer meðákærða Jóhannesar. Að kvöldi laugardagsins 10. apríl ók ákærði, ásamt meðákærða Davíð, á bifreiðinni VD-F21 að Ofanleiti 15 og móttók þar fíkniefnin sem falin voru í ferðatöskum í farangursrými bifreiðarinnar RA-263, ákærði fjarlægði fíkniefnin ekki úr bifreiðinni en ók frá Ofanleiti á bifreiðinni VD-F21 og afhenti þar meðákærða Davíð 1.000.000 króna sem voru greiðsla fyrir meðákærða Jóhannes en lögregla stöðvaði för þeirra stuttu síðar.

3. *Ákærði Davíð* tók að sér að beiðni meðákærða Orra Freys að finna vitorðsmann til að flytja fíkniefni til landsins og í því skyni setti hann sig í samband við meðákærða Pétur Jökul. Ákærði tók við 269.000 krónum og 17.000 evrum úr hendi meðákærða Orra Freys, sbr. ákærulið I/2 og afhenti það meðákærða Pétri Jökli. Að kvöldi laugardagsins 10. apríl ók ákærði, ásamt meðákærða Pétri Jökli, bifreiðinni TI-689 að heimili meðákærða Jóhannesar að Seljabraut 38. Meðákærði Pétur Jökull sótti fíkniefnin, sbr. ákærulið I/4 og setti þau í bifreiðina. Ákærði ók bifreiðinni TI-689 og meðákærði Pétur Jökull bifreiðinni RA-263 að Ljáskógum þar sem þeir skiptu um bifreið og fluttu fíkniefnin yfir í farangursrými bifreiðarinnar RA-263. Ákærði ók þeirri bifreið að Ofanleiti 15 og skildi hana þar eftir. Því næst sótti hann meðákærða Orra Frey að Bollagötu 14 og saman óku þeir aftur að Ofanleiti sbr. ákærulið I/2 þar sem ákærði afhenti meðákærða Orra Frey fíkniefnin. Loks tók ákærði við 1.000.000 úr hendi ákærða Orra Freys sbr. ákærulið I/2.

4. *Ákærði Pétur Jökull* tók að sér að beiðni meðákærða Davíðs að finna vitorðsmann til að flytja fikniefni til landsins og í mars setti hann sig í samband við meðákærða Jóhannes í því skyni. Miðvikudaginn 31. mars afhenti ákærði meðákærða Jóhannesi 104.000 krónur til kaupa á flugmiða til Alicante á Spáni og ók honum að skrifstofu Iceland Express að Efstalandi 26 í því skyni. Föstudaginn 2. apríl, að Seljabraut 38, afhenti ákærði meðákærða Jóhannesi 165.000 krónur til upphalds á Spáni og 17.000 evrur til að greiða fyrir fikniefnin en fjármunina hafið ákærði fengið frá meðákærða Davíð. Að kvöldi laugardagsins 10. apríl móttók ákærði fikniefnin úr hendi meðákærða Jóhannesar að Seljabraut 38 og setti þau í bifreiðina TI-689, hann ók því næst bifreiðinni RA-263 að Ljáskógum en þar skipti hann um bifreið við meðákærða Davíð og voru fikniefnin flutt í bifreiðina RA-263 sbr. ákærulið I/3.

5. *Ákærði Jóhannes* tók að sér að beiðni meðákærða Péturs Jökuls miðvikudaginn 31. mars að flytja fikniefnin til landsins og móttók þann dag 104.000 krónur frá meðákærða Pétri Jökli sem ákærði notaði til að greiða fargjaldið til Spánar. Föstudaginn 2. apríl að Seljabraut 38 móttók ákærði frá meðákærða Pétri Jökli 165.000 krónur til að nota til upphalds á Spáni og 17.000 evrur til að greiða fyrir fikniefnin. Ákærði fór með farþegaflugi til Alicante á Spáni laugardaginn 3. apríl. Miðvikudaginn 7. apríl móttók ákærði úr hendi vitorðsmannsins þrjár ferðatöskur sem fikniefnin voru falin í og afhenti ákærði vitorðsmanninum 17.000 evrur. Ákærði hafði fikniefnin í vörslum sínum á Alicante á Spáni þar til hann flutti ferðatöskurnar til Íslands með flugi AEU-182 laugardaginn 10. apríl. Eftir komuna til landsins fór ákærði með ferðatöskurnar að Seljabraut 38 þar sem hann afhenti meðákærða Pétri Jökli þær að kvöldi sama dags sbr. ákærulið I/4.

Er þetta talið varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 64/1974 og 1. gr. laga nr. 32/2001.

II.

Gegn ákærða Orra Frey fyrir peningabætti, með því að hafa um nokkurt skeið fram til laugardagsins 10. apríl, á höfuðborgarsvæðinu aflað sér ávinnings að fjárhæð 2.880.500 krónum með sölu og dreifingu ótiltekins magns ávana- og fikniefna.

Er þetta talið varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 149/2009, sbr. áður 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1998, 2. gr. laga nr. 32/2001 og 4. gr. laga nr. 10/1997.

III.

Gegn ákærða Orra Frey fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 15. apríl, í geymslurými að Eskivöllum 9b í Hafnarfirði, haft í vörslum sínum 34,69 g af kókaíni, ætluðu til sölu og dreifingar, sem lögreglan fann við leit.

Er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001.

IV.

Gegn ákærða Guðlaugi Agnari fyrir peningabætti, með því að hafa um nokkurt skeið fram til fimmtudagsins 15. apríl, á höfuðborgarsvæðinu aflað sér ávinnings að fjárhæð 4.675.370 króna og skartgripa að verðmæti 2.000.000 króna með sölu og dreifingu ótiltekins magns ávana- og fíkniefna.

Er þetta talið varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 149/2009, sbr. áður 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 141. gr. laga nr. 82/1998, 2. gr. laga nr. 32/2001 og 4. gr. laga nr. 10/1997.

V.

Gegn ákærða Davíð fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa sunnudaginn 11. apríl, að Ægisgötu 5, haft í vörslum sínum 6,23 g af hassi sem lögregla fann við leit.

Er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

VI.

Er þess krafist:

1. Að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

2. Að ákærðu verði dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

3. Að framangreind 1.629,12 g af kókaíni og 6,23 g af kannabisefni, sem hald var lagt á, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni. Þá er þess krafist að gerðir verði upptækir 3 millilítrar af stungulyfi er innihélt anabólíska stera sem hald var lagt í húsleit hjá ákærða Davíð hinn 11. apríl 2010, samkvæmt 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30/1963 og 3. mgr. 48. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

4. Að samtals 8.555.870 krónur og skartgripir að verðmæti 2.000.000 krónur verði gert upptækt samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 149/2009, og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 1. gr. laga nr. 60/1980, og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Ákærði Davíð Garðarsson neitar sök samkvæmt I. kafla ákæru en játar sök samkvæmt V. kafla ákæru. Ákærði Guðlaugur Agnar Guðmundsson neitar sök samkvæmt I. og IV. kafla ákæru. Ákærðu Jóhannes Mýrdal og Pétur Jökull játa sök samkvæmt I. kafla ákæru. Ákærði Orri Freyr játar sök samkvæmt I. og III. kafla ákæru en neitar sök samkvæmt II. kafla ákæru.

Verjandi ákærða Davíðs Garðarssonar krefst þess að ákærði verði sýknaður af sakargiftum samkvæmt I. kafla ákæru og að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði felldur á ríkissjóð. Að öðru leyti krefst hann vægustu refsingar. Verjandi ákærða Guðlaugs Agnars Guðmundssonar krefst sýknu og þess að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verðu lagður á ríkissjóð. Verjendur ákærðu Jóhannesar Mýrdal, Péturs Jökuls og Orra Freys krefjast þess að ákærðu verði dæmdir í vægustu refsingu er lög leyfa. Þá krefjast þeir greiðslu málsvarnarlauna. Verjandi ákærða Orra Freys krefst að auki sýknu af sakarefnum samkvæmt II. kafla ákæru.

I.-II. og IV. kafli ákæru.

Samkvæmt gögnum málsins hafði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, frá því í byrjun september 2009, til rannsóknar hóp einstaklinga þar sem grunur lék á um að viðkomandi einstaklingar væru viðriðnir innflutning á ólöglegum fíkniefnum til landsins og að þeir fengju svokölluð „burðardýr“ til að flytja efnin til landsins. Með úrskurðum dómstóla 13. ágúst 2009 var lögreglu fyrst heimilað að hlusta og hljóðrita símtöl í og úr símanúmeri sem ákærði, Guðlaugur Agnar, var skráður fyrir. Þá var lögreglu heimilað að fá upplýsingar um símtöl við síma ákærða. Með úrskurðum 18. september 2009 voru lögreglu veittar sömu heimildir gagnvart ákærða, Orra Frey. Fleiri aðilar komu við sögu og aflaði lögregla sambærilegra heimilda gagnvart þeim. Heimildir þessar voru framlengdar með síðari úrskurðum héraðsdóms. Þá var lögreglu heimilað með úrskurði 21. október 2009 að koma fyrir eftirfararbúnaði á eða í bifreið ákærða, Orra Freys, og fylgjast þannig með staðsetningu hennar. Heimild þessi var framlengd nokkrum sinnum. Samskonar heimild var veitt gagnvart ákærða, Guðlaugi Agnari, í fyrsta sinn 18. nóvember 2009. Sú heimild var einnig framlengd. Þá var lögreglu heimilað að hlera íbúð er ákærði, Guðlaugur Agnar, hafði til umráða í Garðabæ. Einnig var lögreglu heimilað í þágu rannsóknar málsins að taka myndir og setja upp hreyfimyndavélar við tiltekin heimili án þess að þeir sem myndir væru teknar af myndu vita af því. Umræddar myndatökur tengdust ákærðu, Guðlaugi Agnari og Orra Frey. Í rökstuðningi fyrir rannsóknaraðgerðum er jafnan vísað til þess að ákærðu, Guðlaugur Agnar og Orri Freyr, væru undir rökstuddum grun um skipulagningu á innflutningi fíkniefna og að ákærði, Guðlaugur, hefði með höndum skipulagninguna. Væri ákærði, Orri Freyr, í miklum samskiptum við ákærða, Guðlaug, en grunur lék á um að ákærði, Guðlaugur, væri í samstarfi við hóp manna sem með einum eða öðrum hætti kæmu að innflutningnum. Var um nokkurn fjölda rannsóknarúrskurða að ræða á tímabilinu frá í ágúst 2009 til apríl 2010. Með úrskurði héraðsdóms 24. mars 2009 var lögreglu síðan heimilað að fá upplýsingar um símtöl í og úr síma ákærða, Jóhannesar Mýrdal, en talið var að ákærði myndi hugsanlega á vegum meðákærða, Guðlaugs Agnars, flytja fíkniefni til landsins. Með úrskurði héraðsdóms 9. apríl 2009 var lögreglu heimilað að koma fyrir hljóðupptökubúnaði og eftirfararbúnaði í farangri ákærða, Jóhannesar, sem hann hefði meðferðis í flugi frá Alicante á Spáni til Íslands laugardaginn 10. apríl 2010. Einnig var lögreglu heimilað að koma samskonar búnaði fyrir í bifreiðum sem ákærði hefði til umráða eða væri farþegi í. Þá var lögreglu heimilað eftir afhendingu farangurs að hlusta á og taka upp samtöl og fylgjast með staðsetningu farangursins án þess að hlutaðeigandi vissu af því.

Samkvæmt gögnum málsins kom ákærði, Jóhannes Mýrdal, til landsins frá Alicante á Spáni laugardaginn 10. apríl 2010. Hafði hann í förum sínum þrjár ferðatöskur. Fylgdist lögregla með komu hans og hefur ritað lögregluskýrslu um eftirlitið 10. apríl 2010. Er skjalið merkt 1.1, bls. 5 í rannsóknargögnum málsins. Eftir komuna til landsins fór ákærði að heimili sínu að Seljabraut 38 í Reykjavík og var kominn þangað kl. 19.07. Kl. 19.13 hefur ákærði samband við meðákærða, Pétur Jökul, og gerir honum grein fyrir því að hann sé kominn til landsins. Kl. 19.19 hafði ákærði, Pétur Jökull, samband við meðákærða, Davíð, og mæla þeir sér mót. Að kvöldi laugardagsins 10. apríl 2010, kl. 22.16 fóru ákærðu, Pétur Jökull og Davíð, á bifreið með skráningarnúmeri TI-689 að heimili meðákærða, Jóhannesar, að Seljabraut. Ákærði, Pétur Jökull, fór úr bifreiðinni og inn á heimili meðákærða, Jóhannesar. Kom hann þaðan út kl. 22.21 með þrjár ferðatöskur sem hann setti í farangursrými bifreiðarinnar TI-689. Ákærði, Davíð, ók þeirri bifreið frá Seljabraut

en ákærði, Pétur Jökull, bifreið með skráningarnúmerið RA-263. Óku þeir sitt hvorri bifreiðinni að Ljárskógum í Reykjavík og voru þar kl. 22.26. Við Ljárskóga voru ferðatöskurnar fluttar yfir í bifreiðina með skráningarnúmerið RA-263. Ákærði, Davíð, ók því næst bifreiðinni með skráningarnúmerið RA-263 að Ofanleiti 15 í Reykjavík þar sem hann skildi bifreiðina eftir kl. 22.37. Þaðan hélt ákærði, Davíð, á eigin bifreið með skráningarnúmerið TI-689 að Bollagötu 14 í Reykjavík þar sem ákærði náði í meðákærða, Orra Frey. Þangað var ákærði, Davíð, kominn kl. 22.45. Saman óku þeir að Ofanleiti 15 á bifreið með skráningarnúmerið VD-F21. Samkvæmt skýrslu lögreglu fóru ákærðu, Davíð og Orri Freyr, að bifreiðinni RA-263 og opnuðu farangurshólf bifreiðarinnar kl. 22.55. Áttu þeir við töskur í farangurshólfinu en fjarlægðu þær ekki. Lokuðu þeir því næst hólfinu. Frá Ofanleiti óku ákærði, Orri Freyr og Davíð, kl. 22.57 á bifreið með skráningarnúmerið VD-F21 og var ákærði, Orri Freyr, ökumaður bifreiðarinnar. Stöðvaði lögregla för ákærðu á Kringlumýrarbraut rétt sunnan við Miklubraut kl. 22.59, en ákærðu óku Kringlumýrarbraut til norðurs. Í lögregluskýrslu kemur fram að við handtöku hafi ákærði, Davíð, verið með umslag á sér sem í hafi verið 1.000.000 krónur í seðlum. Þá hafi hann verið með 108.000 krónur í reiðufé í veski sínu. Ákærði, Jóhannes, var handtekinn á heimili sínu að Seljabraut kl. 23.29 aðfaranótt sunnudagsins 11. apríl 2010. Ákærði, Pétur Jökull, var handtekinn vegna málsins á heimili sínu að Hverfisgötu 59 í Reykjavík kl. 23.30 aðfaranótt sunnudagsins 11. apríl 2010. Ákærði, Guðlaugur Agnar, var handtekinn vegna málsins í komusal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar við komu frá útlöndum fimmtudaginn 15. apríl 2010 kl. 18.11. Ákærðu voru allir úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins. Ákærðu, Davíð, Orri Freyr, Jóhannes og Pétur Jökull, sunnudaginn 11. apríl 2010. Ákærði, Guðlaugur Agnar, var úrskurðaður í gæsluvarðhald föstudaginn 16. apríl 2010. Ákærðu hafa allir setið óslitið í gæsluvarðhaldi vegna málsins fyrir utan ákærða, Jóhannes, en með dómi Hæstaréttar Íslands frá þriðjudeginum 22. júní 2010 í máli nr. 397/2010 var ákærði leystur úr gæsluvarðhaldi.

Samkvæmt skýrslu lögreglu frá 12. apríl 2010 á skjali merkt 2.1, bls 5 framkvæmdi lögregla leit í bifreiðinni VD-F21 þann dag. Á gólfi í bifreiðinni fundust kveikjuláslyklar að bifreið með skráningarnúmerið RA-263 en lyklarnir fundust á gólfi vinstra megin við ökumannssætið.

Að undangengnum úrskurði héraðsdóms Reykjaness framkvæmdi lögregla 15. apríl 2010 húsleit á heimili ákærða, Guðlaugs Agnars, að Löngulínu 10 í Garðabæ. Samkvæmt skýrslu lögreglu var við húsleitina lagt hald á mikið magn skjala í eldhúsi og svefnherbergi. Minnismiðar sem fundust við húsleitina koma fram í rannsóknargögnum á skjölum merkt 2.2, bls. 49-54 og 2.2, bls. 73-105. Í eldhúsi fundust 158.000 krónur í reiðufé og 100 evrur. Í svefnherbergi fundust 150 evrur og 5.000 krónur í reiðufé.

Með úrskurðum 12. apríl 2009 var lögreglu heimilað að fá upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum um alla bankareikninga ákærða, Guðlaugs Agnars, greiðslukortaupplýsingar, gjaldeyriskaup og peningasendingar. Á skjali í rannsóknargögnum merkt 2.2, bls. 162-164 hefur lögregla tekið saman yfirlit um fjármál ákærða, Guðlaugs Agnars. Fram kemur að greiningin taki til tímabilsins janúar 2009 til og með mars 2010. Aflað hafi verið upplýsinga varðandi bankareikninga og gjaldeyriskaup. Þá hafi verið fengnar upplýsingar um tekjuskráningu, ökutækjaeign og fasteignir frá þar til bærum opinberum aðilum.

Engar fasteignir hafi verið skráðar á ákærða. Á hann hafi verið skráð bifreið með skráningarnúmerið KN-464, sem sé gömul bifreið af gerðinni Daihatsu Terios. Innistæður á bankareikningum hafi verið 1.125.370 krónur. Í bankahólfi skráð á föður ákærða hafi verið 3.550.000 krónur í reiðufé og skartgripir að verðmæti 2.000.000 króna. Á tímabilinu hafi skráðar tekjur ákærða verið 3.770.786 krónur, sem hafi verið í formi slysabóta. Aflað hafi verið upplýsinga um hreyfingarlista af bankareikningum, um gjaldeyriskaup og notkun greiðslukorta. Við skoðun hafi komið í ljós mikill munur á ráðstöfunartekjum ákærða og skráðum tekjum. Útgjöld ákærða fyrir tímabilið hafi numið 21.099.419 krónum á meðan skráðar tekjur hans hafi verið 3.770.786 krónur. Mismunurinn sé 17.328.633 krónur.

Lögregla aflaði samskonar dómsúrskurða um heimild til að afla upplýsinga um fjármál ákærða, Orra Freys. Á skjali í rannsóknargögnum málsins merkt 2.1, bls. 84-86 hefur lögregla tekið saman yfirlit um fjármál ákærða. Fram kemur að greiningin taki til tímabilsins janúar 2009 til og með mars 2010. Aflað hafi verið upplýsinga varðandi bankareikninga og gjaldeyriskaup. Þá hafi verið fengnar upplýsingar um tekjuskráningu, ökutækjæign og fasteignir frá þar til bærum opinberum aðilum. Ibúð að Bollagötu 14 í Reykjavík að fasteignamati 13.550.000 krónur hafi verið skráðar á ákærða. Á eigninni hafi hvílt 12.379.700 krónur. Ekkert ökutæki hafi verið skráð á hann. Engar bankainnistæður hafi verið skráðar á ákærða. Í bankahólfi hafi verið 2.880.550 krónur. Á tímabilinu hafi skráðar tekjur ákærða verið 1.656.724 krónur fyrir árið 2009 og 272.280 krónur fyrir janúar til mars 2010. Um hafi verið að ræða atvinnuleysisbætur. Aflað hafi verið upplýsinga um hreyfingarlista af bankareikningum, um gjaldeyriskaup og notkun greiðslukorta. Við skoðun hafi komið í ljós mikill munur á ráðstöfunartekjum ákærða og skráðum tekjum. Útgjöld ákærða fyrir tímabilið hafi numið 10.525.906 krónur á meðan skráðar atvinnuleysistekjur hans hafi verið 1.929.004 krónur. Mismunurinn sé 8.596.902 krónur.

Ákærðu voru allir yfirheyrðir hjá lögreglu vegna málsins. Ákærði, Davíð, var fyrst yfirheyrður 11. apríl 2010. Næstu yfirheyrslur áttu sér stað 16., 20. og 29. apríl og 18. maí 2010. Ákærði, Guðlaugur Agnar, var fyrst yfirheyrður 16. apríl 2010. Næstu yfirheyrslur áttu sér stað 19. og 29. apríl og 11. og 14. maí 2010. Ákærði, Jóhannes, var fyrst yfirheyrður 11. apríl 2010. Næstu yfirheyrslur áttu sér stað 13., 19. og 30. apríl og 7. maí 2010. Ákærði, Pétur Jökull, var fyrst yfirheyrður af lögreglu 11. apríl 2010. Næstu yfirheyrslur áttu sér stað 13. og 20. apríl og 18. maí 2010. Ákærði, Orri Freyr, var fyrst yfirheyrður 11. apríl 2010. Næstu yfirheyrslur áttu sér stað 15., 20. og 28. apríl og 5. og 19. maí 2010.

Ákærði, Davíð Garðarsson, kvað meðákærða, Pétur Jökul, í einhverjum mæli hafa haft samband við sig áður en þeir atburðir gerðust sem væru sakarefni málsins. Laugardaginn 10. apríl 2010 hafi meðákærði, Orri Freyr, haft samband og þeir mælt sér mót í verslunarmiðstöðinni Kringlunni. Hafi meðákærði farið þess á leit við ákærða að hann hjálpaði sér við að flytja fyrir ákærða bifreið frá Garðabæ upp í Breiðholt að versluninni Þín verslun. Það hafi ákærði gert og skilið bifreiðina, sem hafi verið með skráningarnúmerið RA-263, þar eftir. Meðákærði hafi skutlað ákærða til baka til síns heima og meðákærði beðið ákærða um að geyma lykllana að bifreiðinni. Um hafi verið að ræða vinargreiða og ákærða ekki fundist neitt óeðlilegt við það. Hafi meðákærði sagt að félagi ákærða myndi síðan hafa samband við hann vegna bifreiðarinnar. Málið hafi ekki verið útskýrt neitt frekar. Síðar þennan sama dag hafi meðákærði, Pétur Jökull, hringt í ákærða nokkru sinnum og

sagt að áriðandi væri að hann næði að hitta á ákærða. Hafi ákærði sagt að hann gæti hitt meðákærða að loknum knattspyrnuleik sem væri í sjónvarpinu. Það hafi gengið eftir, en ákærði hafi reiknað með að meðákærði þyrfti að láta skutla sér eitthvert. Þá hafi komið í ljós að meðákærði, Pétur Jökull, hafi verið sá sem meðákærði, Orri Freyr, hafi verið að vísa til varðandi bifreiðina. Hafi ákærði ekið meðákærða, Pétri Jökli, upp í Breiðholt á bifreið sinni, sem sé af gerðinni Golf með skráningarnúmerið TI-689. Hafi þeir ekið að versluninni Þín verslun. Hafi ákærði látið meðákærða hafa lykla að bifreiðinni RA-263 þar sem hann hafi verið með þá frá því fyrr um daginn. Hafi meðákærði gengið að bifreiðinni RA-263 en síðan farið inn í hús í nágrenninu. Hafi ákærði hringt í meðákærða og beðið hann um að flýta sér. Eftir nokkrar mínútur hafi meðákærði komið út og þá verið með töskur meðferðis er hann hafi sett í bifreið ákærða. Hafi meðákærði sagt að hann vissi ekki hvar meðákærði, Orri Freyr, ætti heima og ákærði því ákveðið að aka á undan honum að heimili meðákærða, Orra Freys. Kvaðst ákærða hafa grunað að ekki væri allt með felldu er hann hafi séð meðákærða, Pétur Jökul, með töskurnar. Ekki hafi hann hins vegar vitað hvað það hafi getað verið, en grunað að um þýfi gæti verið að ræða. Eftir að þeir hafi ekið af stað á bifreiðunum hafi ákærði stöðvað bifreið sína í nærliggjandi götu sem hafi verið Ljárskógar. Þar hafi hann ætlað að spyrja meðákærða nánar út í málið. Meðákærði hafi verið ölvaður og ruglaður. Af þeim ástæðum hafi ákærði ákveðið að fara ekki með bifreiðina til meðákærða, Orra Freys, heldur skilja hann eftir á miðri leið. Þar sem bifreið ákærða hafi verið „ódyrari“ en sú bifreið er meðákærði hafi ekið hafi ákærði ákveðið að láta meðákærða aka sinni bifreið en ákærði ekið hinni bifreiðinni, með skráningarnúmerið RA-263. Bifreiðin RA-263 hafi síðan verið skilin eftir eins og ákærði hafi verið búinn að ákveða. Að því loknu hafi verið ætlun ákærða að fara heim til meðákærða, Orra Freys, og inna hann eftir því hvað væri í gangi. Hafi það verið vegna þess að ákærða hafi grunað að eitthvað óeðlilegt hafi verið í gangi í tengslum við nefndar töskur. Hafi ákærði því næst farið á bifreiðinni TI-689 og náð í meðákærða, Orra Frey, sem fullyrt hafi að ekkert væri í töskunum. Hafi þeir farið saman upp í Ofanleiti á bifreið meðákærða, Orra Freys, með skráningarnúmerið VD-F21. Þar hafi meðákærði sýnt ákærða töskurnar. Komið hafi í ljós að ekkert var í töskunum. Fyrir dómi greindi ákærði frá því að frá Ofanleiti hafi þeir farið en meðákærði hafi ætlað að skutla ákærða heim til sín. Við yfirheyrslur hjá lögreglu bar ákærði að frá Ofanleiti hafi ákærðu farið aftur því bifreið ákærða hafi verið heima hjá meðákærða Orra Frey. Á leiðinni hafi meðákærði látið ákærða fá umslag í hendi og óskað eftir því að ákærði léti meðákærða, Pétur Jökul, fá umslagið. Í því hafi lögreglu borið að og ákærðu verið handteknir. Hafi ákærði einfaldlega ákveðið að setja umslagið inn á sig frekar en að láta það frá sér á einhvern óvissan stað. Hafi hann talið að lögregla væri í reglulegu umferðareftirliti og þeir verið stöðvaðir af þeim sökum. Hafi ákærði verið grunlaus um fikniefni sem síðar hafi fundist í þeim töskum er fluttar hafi verið í bifreiðinni og ekkert komið nálágt innflutningi á þeim fikniefnum. Væri rangt sem fram kæmi í ákæru að ákærði hafi tekið að sér fyrir meðákærða, Orra Frey, að finna vitorðsmann til að flytja umrædd fikniefni til landsins. Þá hafi ákærði ekki tekið við neinum fjármunum úr hendi meðákærða, Orra Freys, til að afhenda meðákærða, Pétri Jökli, svo sem ákæra miðar við. Áður en þessir atburðir áttu sér stað hafi ákærði þekkt vel meðákærða, Orra Frey, en aðeins kannast við meðákærða, Pétur Jökul. Aðra meðákærðu hafi hann ekki þekkt.

Ákærði, Guðlaugur Agnar Guðmundsson, kvaðst hafa farið til Amsterdam í Hollandi 10. apríl 2010. Tilgangur með ferðinni hafi verið að slappa af. Hafi hann

komið aftur til landsins 15. apríl 2010. Ákærði kvaðst ekkert þekkja til þeirra atvika sem væru sakarefni málsins. Kvaðst hann ekki með neinu móti hafa tengst innflutningi á fikniefnum sem meðákærði, Jóhannes, hafi flutt til landsins 10. apríl 2010. Ákærði kvaðst um tíma hafa haft afnot af bifreið með skráningarnúmerið RA-263, en þeirri bifreið hafi hann hins vegar skilað af sér á sínum tíma. Ákærði kvaðst í gegnum tíðina hafa verið í góðum tengslum við meðákærða, Orra Frey, en þeir hafi þekkt í nokkur ár. Hafi verið töluverð samskipti á milli þeirra á árunum 2008 og 2009 og allt fram til í apríl 2010. Eftir að mál þetta kom upp hafi samskipti þeirra eðli málsins samkvæmt orðið minni. Væru þeir ekki góðir vinir í dag. Ákærði kvaðst í gegnum tíðina hafa lánað meðákærða, Orra Frey, peninga, auk þess sem ákærði hafi fengið lánaða peninga frá meðákærða. Hafi verið um vinargreiða að ræða. Þá kvaðst ákærði þekkja Sverri Þór Einarsson. Hafi þeir verið ágætis vinir í um 4 ár. Ekki hafi ákærði velt fyrir sér hugsanlegum tengslum Sverris Þórs við fikniefnaviðskipti. Kvaðst ákærði kannast við að hafa lagt fjármuni inn á Sverri Þór, alls ríflega 3.000.000 króna. Hafi síðasta innborgunin verið í desember 2009. Sverrir Þór hafi þá verið blankur. Sverrir hafi endurgreitt ákærða fjárhæðina í reiðufé. Ákærði kvaðst sjálfur hafa fengið peninga í gegnum slysabætur. Hafi hann af þeim sökum átt peninga til að lána Sverri. Ákærði kvaðst ekki kannast við tösku sem lögregla hafi haft til athugunar á heimili föður ákærða að Grýtubakka í Reykjavík. Hljóti tilviljun að ráða því að um samskonar tösku væri að ræða og meðákærði, Jóhannes, hafi notað við innflutning fikniefna. Ákærði kvaðst ekki þekkja meðákærðu, Davíð Garðarsson og Jóhannes Mýrdal.

Ákærði kvaðst ekki kannast við að hafa fram til 15. apríl 2010 á höfuðborgarsvæðinu aflað sér ávinnings að fjárhæð 4.675.370 krónur og skartgripa að verðmæti 2.000.000 krónur með sölu og dreifingu ávana- og fikniefna, svo sem honum væri gefið að sök í IV. kafla ákæru. Að því er varði fjármál ákærða þá hafi hann fengið greiddar út slysabætur. Önnur greiðslan hafi verið innt af hendi á árinu 2007 og hin á árinu 2009. Fyrri greiðslan hafi verið tæpar 3.000.000 króna en sú síðari 3.800.000 krónur. Þá hafi ákærði fengið greitt fyrir málningarvinnu sem hann hafi ekki gefið upp til skatts. Þá hafi hann stundað það að kaupa og selja mótórhjól og báta og hagnast af þeim viðskiptum. Einnig hafi hann lánað einstaklingum fjármuni með háum vöxtum. Þá hafi hann unnið einhverja fjármuni í Póker. Að því er varðar málningarvinnuna þá gæti ákærði bent á verk sem hann hafi unnið fyrir móður sína. Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki eiga peninga er lögregla hafi lagt hald á og fundist hafi í bankahólfi sem skráð væri á föður ákærða. Faðir ákærða ætti umrædda fjármuni. Hafi ákærði sagt við yfirheyrslur hjá lögreglu að ákærði ætti fjármunina. Það hafi hann gert til að vernda föður sinn, sem þá sat í gæsluvarðhaldi vegna gruns um aðild að málinu. Faðir ákærða hafi lánað ákærða 1.250.000 krónur og ákærði látið föður sinn fá þá skartgripa sem fundist hafi í bankahólfinu að veði fyrir láninu. Er ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 19. apríl 2010 kvaðst hann eiga verðmæti í bankahólfi sem skráð væri á föður ákærða. Í svörtum kassa merktur „Prada“ hafi verið 3-4.000.000 króna er ákærði ætti. Þá hafi hann fengið hring og ermahnappa með demöntum í sennilega að verðmæti 1.000.000 krónur. Umrædda muni hafi ákærði fengið í viðskiptum. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 29. apríl 2010 kvað ákærði þá fjármuni er lögregla hafði lagt hald á í peningahólfi sem skráð væri á föður ákærða vera þannig til komna að hluti væri tryggingabætur sem hann hafi fengið greiddar. Þá hafi hann fengið söluhagnað við sölu á bát, en hann hafi keypt bát af gerðinni Jet í félagi við vin sinn. Bátinn hafi þeir selt með hagnaði og skipt hagnaðinum á milli sín. Ákærði kvaðst kannast við að hafa ritað flesta þá minnismiða sem fundist hafi við húsleit á heimili ákærða. Er borið var undir

ákærða þýðing einstaka miða kvaðst ákærði ekki vita hvað einstaka færslur stæðu fyrir. Við skýrslutöku hjá lögreglu 19. apríl 2010 skýrði ákærði miðana með þeim hætti að hann væri að setja saman hugsanir á miðunum. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um miðana eða þýðingu þeirra. Við yfirheyrslur hjá lögreglu 29. apríl 2010 kvaðst ákærði kannast við að hafa ritað minnismiða sem lögregla fann við leit í bifreiðinni RA-263.

Ákærði, Jóhannes Mýrdal, kvað meðákærða, Pétur Jökul Jónasson, hafa komið að máli við sig og fengið sig til að flytja fikniefni til landsins gegn greiðslu þóknunar. Þessi mál hafi borið á góma á milli þeirra nokkru áður en ákærði hafi farið í ferðina í apríl 2010. Þegar að ferðinni í apríl kom hafi hana borið brátt að. Meðákærði, Pétur Jökull, hafi komið til ákærða og beðið hann um að fara í ferðina. Ákvörðun hafi ákærði tekið á nokkrum klukkustundum. Meðákærði hafi látið ákærða fá fjármuni til að kaupa flugmiða til Spánar, fjármuni fyrir upphaldi, auk þess sem hann hafi látið hann fá fjármuni til að greiða fyrir fikniefnin. Ákærði hafi að kvöldi miðvikudagsins 31. mars 2010 fengið 104.000 krónur til greiðslu fargjalds. Þann 2. apríl 2010 hafi meðákærði, Pétur Jökull, látið ákærða fá 165.000 krónur til upphalds og greiðslu fyrir fikniefnin. Um hafi verið að ræða peningabúnt sem hafi verið í plastpoka. Á Spáni hafi ákærði hitt mann sem átt hafi að afhenda honum efnin. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 13. apríl 2010 bar ákærði að um hafi verið að ræða íslending, sem afhent hafi honum efnin. Efnin hafi verið falin í þrem ferðatöskum sem ákærði hafi fengið í hendur. Í staðinn hafi ákærði látið manninn fá peningana. Ákærði hafi átt að fá á bilinu 500.000 til 1.000.000 króna fyrir verkið. Hafi ákærði ekki leitt hugann að því hvort efnin væru ætluð til dreifingar á Íslandi. Þá hafi hann ekki vitað um hversu mikið magn væri að ræða né tegund efna. Hafi hann helst talið að um væri að ræða fikniefnið hass sem hann væri að flytja til landsins. Ákærði kvaðst aldrei hafa komið nærri neinu viðlíka áður. Hafi ákærði glímt við fjárhagslegan vanda og ætlað að slá á skuldir með verkinu. Ákærði kvaðst ekki þekkja neina aðra meðákærðu heldur en meðákærða, Pétur Jökul. Ekki kvaðst ákærði hafa kannast við þann mann á Spáni er látið hafi hann hafa fikniefnin.

Ákærði, Pétur Jökull Jónasson, kvaðst hafa farið þess á leit við meðákærða, Jóhannes Mýrdal, að hann flytti fikniefni til landsins gegn greiðslu þóknunar. Hafi ákærði í tengslum við það 31. mars 2010 látið meðákærða, Jóhannes, fá 104.000 krónur til að kaupa flugmiða til Spánar. Föstudaginn 2. apríl 2010 hafi ákærði látið meðákærða fá 165.000 krónur til upphalds á Spáni og 17.000 evrur til að greiða fyrir fikniefnin. Fyrir dómi kvað ákærði meðákærða, Orra Frey, hafa farið þess á leit við sig að ákærði fengi einhvern til að flytja efnin. Ekki myndi ákærði dagsetningar í því sambandi en hann hafi verið í mikilli óreglu á þessum tíma. Ekki hafi verið langur aðdragandi að því að meðákærði færi út að beiðni ákærða. Hafi ákærði sennilega hitt meðákærða, Jóhannes, í mars 2010 þar sem þetta hafi fyrst borið á góma. Meðákærði, Davíð Garðarsson, hafi aldrei komið nærri málinu. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 20. apríl 2010 greindi ákærði ítarlega frá atvikum málsins. Bar hann þá að stuttu fyrir páska 2010 hafi ákærði fengið símtal þar sem hann hafi verið beðinn um að ræða við meðákærða, Jóhannes, um að fara til Spánar og flytja efnin heim. Atburðarásin hafi verið hröð og hafi ákærði tekið pening út af eigin reikningi til að láta meðákærða fá. Hafi ákærði lagt úr fyrir miðakaupum. Um 1 – 2 dögum síðar hafi ákærði hitt meðákærða, Jóhannes, aftur og þá á heimili meðákærða þar sem hann hafi látið hann hafa peninga fyrir upphaldi úti. Evrum hafi verið pakkað inn í sellofan og ákærði látið meðákærða, Jóhannes, fá þá til að greiða fyrir efnin. Þá hafi ákærði afhent meðákærða upplýsingar um hótél og

hvernig hann ætti að hafa samband úti ef hann lenti í vandræðum. Sá hinn sami aðili hafi fengið ákærða til að tala við meðákærða og látið hafi ákærða fá peninga, miða um upplýsingar úti og símakort. Ákærði kvaðst hafa heyrt í meðákærða, Jóhannesi, eftir að meðákærði kom til landsins 10. apríl 2010. Hafi ákærði látið þann sem fengið hafi ákærða til verksins vita um það. Sá maður sem fengið hafi ákærða til verksins hafi sótt ákærða niður í bæ. Hafi ákærði farið upp í Breiðholt með þeim manni, en sá maður hafi látið ákærða fá lyklna að bifreið sem staðið hafi á stæði nærri heimili meðákærða, Jóhannesar. Hafi þeir sótt töskurnar til meðákærða, Jóhannesar, og farið með þær í bifreið sem staðið hafi á bifreiðastæði nærri dvalarstað meðákærða. Hafi ákærði sett töskurnar í aftursætið. Því næst hafi ákærði ekið á eftir þeim manni sem fengið hafi hann til verksins og þeir ekið í götu rétt fyrir neðan. Þar hafi þeir skipt um bifreiðar og ákærði ekið á eftir niður í Ofanleiti. Hinn maðurinn hafi þá ekið bifreiðinni með töskunum í. Í Ofanleiti hafi viðkomandi aðili komið yfir í bifreið ákærða og ákærða verið ekið niður í bæ. Ákærði kvaðst hjá lögreglu ekki vilja nafngreina þann mann sem fengið hafi hann til verksins og ekið með ákærða í Breiðholtið til að ná í töskurnar. Er ákærði var inntur eftir því fyrir dómi af hverju hann hefði greint frá því hjá lögreglu að sá maður sem farið hafi með honum að ná í nefndar töskur hafi verið sá sem fengið hafi hann til verksins kvaðst ákærði hafa sagt lögreglu ósatt. Hafi hann ekki verið í ástandi til að segja satt og rétt frá. Hafi hann á þessum tíma verið í tömu rugli. Við aðalmeðferð málsins sá ákærði í réttinum skjal í rannsóknargögnum merkt 2.4, bls. 9 sem er útprentun á hljóðritun á samtali milli ákærða og nafngreindrar konu og ákærða og meðákærða, Davíðs. Í samtalinu við konuna biður ákærði um að fá að svara símtali við „gaurinn sem ég er að vinna fyrir“. Í framhaldi svarar ákærði símtali við meðákærða, Davíð. Ákærði kvaðst ekki muna eftir umræddu símtali. Hafi ákærði verið með marga síma á þessum tíma og það verið „bull“ sem hann hafi sagt í símann. Meðákærði, Orri Freyr, hafi verið sá sem hafi beðið ákærða um að útvega „burðardýrið“ og ná síðan í bifreiðina RA-263 upp í Breiðholt. Bifreiðin hafi síðan átt að fara að heimili meðákærða, Orra Freys. Þá hafi það verið meðákærði, Orri Freyr, sem hafi afhent ákærða peninga til að láta meðákærða, Jóhannes, fá. Ákærði kvaðst ekki geta gefið skýringar á því af hverju lögregla hafi ekki orðið þess vör við skyggingu eða símahleranir að ákærði væri í sambandi við meðákærða, Orra Frey, þar sem þeir hafi þekkt.

Ákærði, Orri Freyr Gíslason, kvaðst ásamt meðákærða, Péttri Jökli, hafa lagt á ráðin um að meðákærði, Jóhannes Mýrdal, flytti fikniefni til landsins í samræmi við ákæru. Hafi ákærði einhverju sinni hitt meðákærða, Pétur Jökul, sem greint hafi ákærða frá meðákærða, Jóhannesi. Atburðarásin hafi síðan verið hröð og meðákærði, Jóhannes, verið sendur út. Við skýrslugjöf hjá lögreglu 15. apríl 2010 bar ákærði að laugardaginn 10. apríl 2010 hafi ákærði hitt meðákærða, Davíð Garðarsson, í verslunarmiðstöðunni Kringlunni. Frá Kringlunni hafi þeir farið saman að Löngulínu í Garðabæ og sótt þangað bifreið sem ákærði hafi lánað meðákærða, Davíð. Um hafi verið að ræða bifreið af gerðinni Toyota Avensis, en ákærði kvaðst hafa verið með bifreiðina að láni. Meðákærði, Guðlaugur Agnar, hafi verið með bifreiðina. Lykla að bifreiðinni hafi ákærði fengið hjá meðákærða, Guðlaugi, á fimmtu- eða föstudeginum. Ákærði og meðákærði, Davíð, hafi farið á bifreiðinni og bifreið meðákærða upp í Breiðholt. Þar hafi bifreiðin verið skilin eftir og ákærði orðið meðákærða samferða. Síðar þetta saman kvöld hafi meðákærði, Davíð, haft samband og sótt ákærða. Þeir hafi farið saman upp í Ofanleiti. Þangað hafi þeir farið á bifreið meðákærða, Orra Freys. Í Ofanleiti hafi Toyotan verið og þeir „tékkad“ á bifreiðinni. Hafi ákærði opnað farangursrými bifreiðarinnar til að

athuga hvað þar væri. Þar hafi verið töskur sem hann hafi opnað til að aðgæta hvaða töskur þetta væru. Ekki hafi hann kannast við þær. Í framhaldi hafi ákærði farið niður í bæ þar sem hann hafi ætlað að skemmta sér. Aðspurður kvaðst ákærði ekki geta sagt til um hver hafi beðið hann um að athuga með töskurnar. Hafi hann ætlað að sækja þær á sunnudeginum. Ákærði var á ný yfirheyrður af lögreglu 20. apríl 2010. Kvaðst ákærði þá vera „millimaður“ og væri hann að vinna fyrir aðra. Að því er varðaði minnisbók sem fundist hafi í bifreiðinni RA-263 og fram kemur í rannsóknargögnum sem skjal 2.1, bls. 45-55 þá væru á minnismiðana ritaðar fjárhæðir og kæmi fram um fíkniefni. Geti vel passað að athugasemdir hafi verið ritaðar niður sem skuldamiðar vegna fíkniefnaskulda og peningasendinga. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 5. maí 2010 greindi ákærði svo frá að meðákærði, Guðlaugur, hafi komið að máli við ákærða og innt hann eftir því hvort ákærði vissi um einhvern til að fara til útlanda. Hafi meðákærði, Davíð, greint frá því að hann væri með mann, meðákærða Jóhannes, sem væri tilbúinn að koma með eitt kg. Hafi ákærði greint meðákærða, Guðlaugi, frá því. Hafi ákærði mátt kaupa í þeirri sendingu 300 g. Atburðarásin hafi farið af stað og ákærði látið meðákærða, Davíð, fá peninga handa meðákærða, Jóhannes, til kaupa á flugmiða og gjaldeyri. Þá hafi ákærði látið meðákærða, Davíð, fá 17.000 evrur til kaupa efnin. Atburðarásin hafi verið hröð og verið ákveðin um viku áður en meðákærði, Jóhannes, hafi farið utan. Eftir því sem ákærði vissi hafi meðákærði, Pétur Jökull, komið á tengslum við meðákærða, Jóhannes, en meðákærði, Pétur Jökull, væri vinur meðákærða, Davíðs. Ekki kvaðst ákærði þekkja meðákærða, Pétur Jökul. Meðákærði, Jóhannes, hafi átt að fá 1.000.000 krónur í þóknun fyrir förina. Þeir fjármunir sem meðákærði, Davíð, hafi verið með í fórum sínum við handtöku hafi verið fjármunir sem ákærði hafi látið meðákærða, Davíð, fá sem átt hafi að skila sér til meðákærða, Jóhannesar, sem þóknunin. Sendingunni sem kom að utan hafi átt að skipta í hlutföllunum að ákærði fengi ¼ hluta, meðákærði, Guðlaugur, ¼ hluta, meðákærði, Davíð, hafi átt að fá 50 g. Sverrir Þór Gunnarsson hafi átt að fá restina. Á meðan meðákærði, Jóhannes, hafi verið í ferðinni hafi meðákærði, Guðlaugur, verið í útlöndum. Hafi meðákærði, Guðlaugur, beðið ákærða um að vera í sambandi við Sverri Þór og ákærði gefið Sverri upp símanúmer meðákærða, Jóhannesar. Það númer er hann hafi gefið Sverri hafi verið númer sem meðákærði, Jóhannes, hafi notað daglega, en númerið hafi meðákærði, Davíð, gefið upplýsingar um. Fyrir dómi var ákærði inntur eftir breyttum framburði sínum í málinu. Ákærði kvað lögreglu hafa beitt sig þrýstingi og hafi hann verið settur í einangrun. Pressan hafi verið það mikil að ákærði hafi látið undan. Hafi lögregla við yfirheyrslur lagt ríka áherslu á þátt meðákærða, Guðlaugs, og gefið í skyn að tekið yrði tillit til samstarfsvilja ákærða með mildari refsidómi í væntanlegu sakamáli. Hafi ákærði verið í taugaáfalli í vistinni. Ákærða hafi nánast verið lögð orð í munn. Ákærði kvað það rétt að hann hafi látið meðákærða, Davíð, fá í hendur 1.000.000 króna í bifreiðinni á ferð þeirra félaga frá Ofanleiti. Hafi ákærði talið öruggara að gera það þó svo meðákærði hafi ekki vitað hvað væri í gangi. Hafi meðákærði einfaldlega átt að láta meðákærða, Pétur Jökul, fá peningana.

Ákærði kvaðst hafna því að hafa gerst sekur um peningabætti samkvæmt II. kafla ákæru. Ákærði kvaðst viðurkenna að hafa selt fíkniefni en það hafi verið gert til að fjármagna eigin neyslu. Þær 2.880.500 krónur er fundist hafi í peningahólfi í Byr sparisjóði sem skráð væri á ákærða hafi verið sparifé er ákærði hafi safnað saman. Umræddir fjármunir hafi verið í hólfinu frá árinu 2008. Ákærði hafi unnið talsvert og m.a. verið hjá málarameistara á árunum 2000 til 2008. Þá hafi ákærði farið til sjós. Þeir fjármunir sem geymdir hafi verið í hólfinu hafi ákærði

áður geymt heima hjá sér. Þjónustufulltrúi í banka hafi hins vegar bent ákærða á að skynsamlegra væri að geyma þá í bankahólf. Ekkert af þessum fjármunum hafi komið til vegna sölu ólöglegra fíkniefna. Við skýrslutöku hjá lögreglu 28. apríl 2010 var ákærði inntur eftir því hvort eitthvað af tekjuöflun hans væri vegna fíkniefnasölu. Kvað hann einhvern hluta vera þannig til kominn en ákærði hefði enga yfirsýn yfir hversu mikið það væri.

Guðmundur Rúnar Guðlaugsson, faðir ákærða Guðlaugs Agnars, kvaðst vera eigandi að bankahólfi í Íslandsbanka í Mjódd í Reykjavík. Hafi Guðmundur tekið hólfið á leigu í júlí 2009. Öll þau verðmæti sem verið hafi í hólfinu við leit lögreglu í því hafi verið í eigu Guðmundar. Um hafi verið að ræða peninga og skartgrip. Í hólfið hafi Guðmundur farið 2 til 3 sinnum, síðast 29. desember 2009.

Hafliði Þórðarson lögreglufulltrúi og rannsóknarlögreglumennirnir Jens Gunnarsson og Þórbjörn Sigurðsson staðfestu þátt sinn í rannsókn málsins og gerðu grein fyrir einstökum þáttum í henni. Hafliði Þórðarson kvaðst hafa unnið að fjármálagreiningu gagnvart ákærðu, Orra Frey og Guðlaugi Agnari. Tilgangur með þeirri greiningu hafi verið að sýna fram á hvort ákærðu væru að eyða meiri fjármunum yfir tiltekið tímabil heldur en þeir öfluðu. Aflað hafi verið upplýsinga um allar skráðar tekjur ákærðu og upplýsinga um fjárútsreymi. Komið hafi í ljós misræmi hjá ákærðu og hafi verið leitað skýringa hjá þeim um þau atriði. Ekki hafi ákærðu tekist að skýra þann mismun, jafnvel þó svo tekið hafi verið tillit til þeirra skýringa að þeir hafi unnið ákveðna vinnu „svart“. Þau gögn sem stuðst hafi verið við væru til hjá lögreglu í tengslum við rannsókn málsins, þó svo þau hefðu ekki verið lögð fram við rannsókn málsins. Við rannsóknina hafi komið fram tengsl ákærða, Guðlaugs Agnars, og Sverris Þórs Gunnarssonar. Hafi ákærði millifært á Sverri samtals um 3.000.000 krónur. Jens Gunnarsson gerði grein fyrir upphafi rannsóknarinnar haustið 2009 og hvernig símar ákærðu, Guðlaugs Agnars og Orra Freys, hefðu verið hleraðir, auk þess sem fylgst hafi verið með ferðum þeirra. Stuðst hafi verið við skyggingar og eftirfararbúnað lögreglu. Á þessu tímabili hafi ákærði, Pétur Jökull, aldrei sett sig í samband við ákærða, Orra Frey, og hafi lögregla aldrei séð þá tvo hittast. Samskipti ákærðu, Orra Freys og Davíðs Garðarssonar, hafi hins vegar verið töluverð. Hafi þeir bæði rætt saman í síma og hist. Sverrir Þór Gunnarsson hafi verið grunaður í málinu. Hafi hann komið inn í málið þegar hann hafi haft samband við ákærða, Jóhannes, á Spáni. Í rannsókn málsins hafi komið fram að ákærði, Orri Freyr, hafi haft samband við Sverri Þór og hafi hann látið Sverri hafa símanúmer ákærða, Jóhannesar. Hafi það verið gert að ósk ákærða, Guðlaugs Agnars. Reynt hafi verið að hafa uppi á Sverri Þór en það ekki tekist. Væri hann nú eftirlýstur í útlöndum. Jens staðfesti að ákærði, Orri Freyr, hafi við upphaf rannsóknarinnar verið í einangrun. Hann hafi verið leystur úr henni síðar en settur aftur í einangrun. Hafi það tengst öðru máli sem verið hafi til rannsóknar hjá lögreglu. Þórbjörn Sigurðsson staðfesti að þrátt fyrir að símar ákærða, Orra Freys, hafi verið hleraðir og fylgst hafi verið með ferðum hans hafi leiðir hans og ákærða, Péturs Jökuls, aldrei skarast. Ákærði, Pétur Jökull, hafi fyrst komið inn í rannsókn málsins þegar hann hafi verið í símasamskiptum við ákærða, Jóhannes, í tengslum við för hans út. Sverrir Þór Gunnarsson hafi komið inn í rannsókn málsins og hafi lögregla haft staðfestar upplýsingar um að hann hafi afhent ákærða, Jóhannesi, efnin ytra. Ekki hafi verið vitað um þátt ákærða, Davíðs, í þessu máli fyrr en ákærðu, Davíð og Pétur Jökull, hafi farið saman að heimili ákærða, Jóhannesar, þar sem ákærði, Pétur, hafi náð í töskur með fíkniefnum inn á heimili ákærða, Jóhannesar.

Niðurstaða:

Í I. kafla ákæru er ákærðu öllum gefið að sök hegningar- og fíkniefnalagabrot, með því að hafa í mars og apríl 2010 staðið saman að innflutningi á samtals 1.594,43 g af kókaíni til Íslands frá Spáni, en efnið hafi verið ætlað til söludreifingar í ágóðaskyni.

Upphaf málsins má rekja til þess að síðla sumars 2009 bárust lögregluyfirvöldum upplýsingar um að ákærðu, Guðlaugur Agnar og Orri Freyr, væru að undirbúa innflutning á fíkniefnum til landsins og að þeir myndu nota til þess svokölluð „burðardýr“. Í framhaldinu aflaði lögregla heimilda dómstóla til að koma fyrir hlerunarbúnaði í sínum ákærðu, auk þess sem eftirfararbúnaði var komið fyrir og svokölluðum skyggingum lögreglu beitt. Samfelld rannsókn var í gangi gagnvart ákærðu, sem leiddi til þess að lögregla komst á snoðir um að ákærði, Jóhannes, myndi fara til Spánar til að sækja efnin. Á þeim tíma hafði nafn ákærða, Péturs Jökuls, komið við sögu, en samkvæmt upplýsingum lögreglu virtist hann vera tengiliður við ákærða, Jóhannes. Kom lögregla fyrir eftirfarar- og hljóðupptökubúnaði í töskum sem ákærði, Jóhannes, flutti til landsins, auk þess sem símar ákærða voru þá hleraðir. Fylgdist lögregla með komu ákærða til landsins með fíkniefnin laugardaginn 10. apríl 2010. Í kjölfarið voru ákærðu allir handteknir, fyrir utan ákærða, Guðlaug Agnar, sem var handtekinn við kom til landsins frá útlöndum 16. apríl 2010.

Ákærði, Jóhannes, hefur frá því í yfirheyrslum hjá lögreglu 11. og 13. apríl 2010 viðurkennt þátt sinn í málinu. Hefur hann lýst því að ákærði, Pétur Jökull, hafi fengið sig til verksins og hann átt að fá á bilinu 500.000 til 1.000.000 króna fyrir það. Hafi ákærði tekið við fíkniefnunum á Spáni úr hendi íslendinga. Eftir að hafa flutt efnin til landsins hafi ákærði sett sig í samband við meðákærða, Pétur Jökul, sem sótt hafi efnin á heimili ákærða að Seljabraut í Reykjavík. Ákærði kveðst ekki þekkja til þátta annarra meðákærðu í málinu en ákærði hafi einungis verið í sambandi við meðákærða, Pétur Jökul, vegna málsins.

Ákærðu, Pétur Jökull og Orri Freyr, hafa einnig viðurkennt þátt sinn í málinu. Framburðir ákærðu hafa hins vegar breyst í grundvallaratriðum undir rannsókn og meðferð málsins varðandi þátt meðákærðu, Davíðs og Guðlaugs Agnars. Fyrir dómi hafa þeir lýst því að þeir tveir hafi lagt á ráðin um innflutning efnanna og ákærði, Pétur Jökull, fengið meðákærða, Jóhannes, í innflutninginn. Meðákærðu, Davíð og Guðlaugur Agnar, hafi ekki tengst málinu með neinu móti. Ákærðu sættu einangrun á fyrstu stigum rannsóknar málsins. Á þeim tíma greindi ákærði, Orri Freyr, frá því að meðákærðu, Davíð og Guðlaugur Agnar, hafi einnig tengst málinu. Var framburður ákærða þá á þann veg að ákærði væri nokkurs konar millimaður í fíkniefnaviðskiptum. Meðákærði, Guðlaugur Agnar, hafi komið að máli við ákærða og beðið hann um að finna mann til að flytja fíkniefni til landsins. Ákærði hafi í kjölfarið sett sig í samband við meðákærða, Davíð, sem útvegað hafi mann til verksins. Við þessar yfirheyrslur greindi ákærði einnig frá því með nákvæmum hætti hvernig afhending fjármuna hafi verið af hálfu ákærðu og hvernig ákærðu hafi ætlað að skipta með sér ágóða af innflutningnum. Kom fram að meðákærði, Guðlaugur, hafi átt að fá ¼ hluta efnanna, ákærði sjálfur sama hluta og meðákærði,

Davíð, 50 g. Afgang hafi Sverrir Þór Gunnarsson átt að fá. Við yfirheyrslur hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki þekkja meðákærða, Pétur Jökul. Ákærði, Pétur Jökull, greindi frá því hjá lögreglu að ónafngreindur maður, sem ekki fer á milli mála að var meðákærði, Davíð, hafi fengið ákærða til að útvega mann til fararinnar. Í símtali sem ákærði á við nafngreinda konu vísar hann til meðákærða, Davíðs, sem þess manns sem hann sé „að vinna fyrir“. Saman fóru ákærðu síðan að heimili meðákærða, Jóhannesar, við komu hans til landsins og sóttu umrædd fíkniefni.

Við mat á sök ákærða, Davíðs, er til þess að líta að ákærði var í reglulegu sambandi við meðákærðu, Guðlaug Agnar, Pétur Jökul og Orra Frey, í aðdraganda innflutnings fíkniefnanna. Verður för ákærða að Seljabraut 38 í Reykjavík að kvöldi laugardagsins 10. apríl 2010 og framferði ákærða í kjölfarið ekki skýrð með öðrum hætti en þeim að honum hafi verið ljóst að fíkniefni voru í þeim töskum er komu til landsins. Háttsemi ákærða þetta kvöld bendir eindregið til þess að hann hafi haft það hlutverk með höndum að sjá til þess að fíkniefnin kæmst úr höndum meðákærða, Jóhannesar, með aðstoð meðákærða, Péturs Jökuls, í hendur meðákærða, Orra Freys. Þá er til þess að líta að framburður ákærða, Orra Freys, hjá lögreglu er afdráttarlaus um þátt meðákærða, Davíðs, í málinu, sem er í samræmi við atvikalýsingu í ákæruskjali. Eru skýringar hans á breyttum framburði ósennilegar, en ákærði naut aðstoðar verjanda við skýrslugjöfina. Einnig liggur fyrir framburður ákærða, Péturs Jökuls, hjá lögreglu um þátt meðákærða, Davíð. Að sama skapi eru skýringar hans á breyttum framburði ótrúverðugar, en ákærði naut aðstoðar verjanda við skýrslugjöfina. Eins og áður greinir bar ákærði, Orri Freyr, hjá lögreglu að hann þekkti ekki meðákærða, Pétur Jökul. Það sem styður þann framburð ákærða er að lögregla varð þess aldrei vör, þrátt fyrir margra mánaða samfelldar símahleranir, eftirför og skyggingar, að ákærðu, Orri Freyr og Pétur Jökull, settu sig í samband við hvorn annan. Varpar það þannig rýrð á þann framburð ákærðu fyrir dóminum að þeir tveir hafi lagt á ráðin um innflutninginn. Þegar litið er til þessara atriða telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði, Davíð, hafi tekið að sér að beiðni meðákærða, Orra Freys, að finna vitorðsmann til að flytja fíkniefnin til landsins og í því skyni sett sig í samband við meðákærða, Pétur Jökul. Eftir að fíkniefnin voru komin til landsins afhenti hann meðákærða, Orra Frey, efnin. Að mati dómsins er óhætt að leggja til grundvallar þann framburð meðákærða, Orra Freys, hjá lögreglu að hann hafi afhent ákærða, Davíð, 269.000 krónur og 17.000 evrur til að afhenda meðákærða, Pétri Jökli. Þá fjármuni hafi átt að nota til að greiða fyrir fíkniefnin úti og fyrir uppihald meðákærða, Jóhannesar. Verður ákærði, Davíð, sakfelldur samkvæmt 3. tl. I. kafla ákæru og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Að því er þátt ákærða, Guðlaugs Agnars, varðar liggur fyrir að hjá lögreglu greindi meðákærði, Orri Freyr, frá þætti ákærða, Guðlaugs Agnars, með greinargóðum hætti. Lýsti hann því að meðákærði hafi sett sig í samband við sig í því skyni að finna einstakling til að flytja fíkniefni til landsins. Hafi meðákærði afhent sér 5.000 evrur til að greiða fyrir fíkniefnin. Þá lýsti hann því hvaða hlut meðákærði, Guðlaugur, hafi átt að fá sem afrakstur innflutningsins. Ákærði, Guðlaugur Agnar, var á þessum tíma í reglulegu sambandi við meðákærðu, Davíð og Orra Frey. Einnig var ákærði í reglulegu sambandi við Sverrir Þór Einarsson, sem grunaður hefur verið um að hafa verið sá íslendingur sem afhent hafi ákærða, Jóhannesi, efnin á Spáni. Símtöl í rannsóknargögnum málsins leiða þetta í ljós, en símar ákærða, Jóhannesar, voru á þeim tíma hleraðir. Þá leiðir rannsóknin í ljós peningalegar millifærslur af reikningum ákærða til Sverris Þórs á árinu 2009 og

nemur fjárhæðin ríflega 3.000.000 króna. Ákærði tengist bifreiðinni RA-263 sem fikniefnin voru flutt í. Eftirfararbúnaður lögreglu leiðir þetta í ljós en lögregla hefur tekið saman yfirlit um akstur bifreiðarinnar á skjali í rannsóknargögnum merkt. 2.2, bls. 21. Hafa ákærðu, Guðlaugur Agnar og Orri Freyr, notað bifreiðina í félagi á tímabilinu 1. – 9. apríl 2010. Ýmiskonar minnismiðar fundust við leit á heimili ákærða að Löngulínu í Garðabæ. Hefur ákærði ekki getað gefið fullnægjandi skýringar á eðli þeirra minnismiða, en þeir benda ótvírætt til þess að vera minnismiðar vegna fikniefnaviðskipta. Fannst einn slíkur miði í bifreiðinni RA-263 sem ákærði hefur viðurkennt að stafi frá sér. Loks er til þess að líta, svo sem fyrr var rakið, að undir rannsókn málsins urðu lögreglumenn þess aldrei varir að meðákærðu, Pétur Jökull og Orri Freyr, þekktu til hvors annars. Skortir þar með tengilið milli ákærðu, sem styrkir þann framburð meðákærða, Orra Freys, hjá lögreglu, að ákærði, Guðlaugur Agnar, hafi lagt á ráðin og fjármagnað að hluta innflutning efnanna. Verður lagt til grundvallar niðurstöðu að hann hafi afhent meðákærða, Orra Frey, 5.000 evrur til að greiða fyrir fikniefnin. Þá verður lagt til grundvallar að hann hafi fengið meðákærða, Orra Frey, til að setja sig í samband við vitorðsmanninn, sem staddur var á Spáni, og gefa honum upp símanúmer meðákærða, Jóhannesar. Með vísan til þessa verður ákærði, Guðlaugur Agnar, sakfelldur samkvæmt 1. tl. I. kafla ákæru og er háttsemin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæruskjali.

Svo sem áður greinir hafa ákærðu, Jóhannes, Pétur Jökull og Orri Freyr, játað sök að því gættu að þeir hafa synjað fyrir þátt meðákærðu, Davíðs og Guðlaugs Agnars. Hér að framan hafa ákærðu, Davíð og Guðlaugur Agnar, verið sakfelldir samkvæmt ákæru. Með hliðsjón af því verða ákærðu, Jóhannes, Pétur Jökull og Orri Freyr, einnig sakfelldir samkvæmt 2., 4. og 5. tl. I. kafla ákæru og er háttsemin ákærðu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

Í II. kafla ákæru er ákærða, Orra Frey, gefið að sök peningabætti, með því að hafa um nokkurt skeið fram til laugardagsins 10. apríl 2010 á höfuðborgarsvæðinu aflað sér ávinnings að fjárhæð 2.880.500 krónur með sölu og dreifingu ótiltekins magns ávana- og fikniefna. Ákærði neitar sök. Ákærði viðurkenndi hjá lögreglu að hafa um nokkurt skeið fyrir handtökuna 10. apríl 2010 selt og dreift ávana- og fikniefnum. Hafi hann með því fjármagnað eigin neyslu. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 28. apríl 2010 kvaðst ákærði ekki hafa yfirsýn yfir hvort eitthvað af tekjuöflun hans væri vegna fikniefnasölu en einhver hluti væri þannig til kominn. Lögregla hefur ritað greinargerð um fjármál ákærða. Samkvæmt henni er mikill munur á útgjöldum ákærða og skráðum tekjum. Nemur sá munur liðlega 8.500.000 krónum fyrir tímabilið 2009 til mars 2010. Þá liggur fyrir að lögregla lagði hald á 2.880.500 krónur sem geymdar voru í bankahólfi sem skráð var á ákærða. Ákærði hefur skýrt tilvist þessara fjármuna þannig að um sé að ræða sparifé ákærða. Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 149/2009, varðar það fangelsi allt að 6 árum að taka við, nýta eða afla sér eða öðrum ávinnings af broti á almennum hegningarlögum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreyta slíkum ávinningi, flytja hann, senda, geyma, aðstoða við afhendingu hans, leynd honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings. Ákærði viðurkenndi hjá lögreglu að hafa aflað sér tekna með sölu og dreifingu ólöglegra ávana- og fikniefna. Hefur lögregla lagt hald á 2.880.500 krónur í peningahólfi sem ákærði var skráður fyrir. Telur dómurinn, í ljósi framburðar ákærða hjá lögreglu og greiningar lögreglu á fjármálum hans, sannað að ákærði hafi um nokkurt skeið fram til apríl 2010 aflað

sér ávinnings af ólöglegri sölu og dreifingu ávana- og fikniefna. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt II. kafla ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

Í IV. kafla ákæru er ákærða, Guðlaugi Agnari, gefið að sök peningþvætti, með því að hafa um nokkurt skeið fram til fimmtudagsins 15. apríl 2010 á höfuðborgarsvæðinu aflað sér ávinnings að fjárhæð 4.675.370 króna og skartgripa að verðmæti 2.000.000 króna með sölu og dreifingu ótiltekins magns ávana- og fikniefna. Ákærði neitar sök. Við rannsókn málsins var framkvæmd leit í bankahólfi sem staðsett var í Íslandsbanka við Þarabakka í Mjódd. Skráður umráðamaður hólfsins var Guðmundur R. Guðlaugsson, faðir ákærða. Í bankahólfinu fundust 3.550.000 krónur. Voru fjármunirnir annars vegar í kassa merktum „Prada“ og hins vegar í gulu plastveski. Þá lagði lögregla hald á skartgripa í hólfinu sem metnir hafa verið að verðmæti 2.000.000 krónur. Var um að ræða tvo ermahnappa með demöntum í og demantshring. Loks lagði lögregla 21. apríl 2010 hald á samtals 1.125.370 krónur, sem voru inni á tveim bankareikningum skráðum á ákærða í Byr sparisjóði. Við fyrstu yfirheyrslur lögreglu yfir Guðmundi R. Guðlaugssyni 14. apríl 2010, sem á þeim tíma hafði réttarstöðu sakbornings, kvaðst hann vera eigandi þeirra muna sem lögregla lagði hald á í bankahólfinu. Ekki kvaðst Guðmundur vilja gera lögreglu grein fyrir innihaldi hólfsins fyrir utan að í því væri eitthvað smáræði af peningum. Neitaði hann að tjá sig um eignarhald á skartgripunum. Ákærði, Guðlaugur Agnar, var inntur eftir verðmætum í bankahólfi föður síns við yfirheyrslur hjá lögreglu 19. apríl 2010. Kvaðst ákærði þá eiga verðmæti í bankahólfinu. Væri hann eigandi peninga í svörtum kassa, merktum „Prada“. Í kassanum hafi verið á bilinu 2-3.000.000 króna. Síðan hafi hann geymt í hólfinu skartgripa, hring og ermahnappa með demöntum í. Umrædda skartgripa hafi hann fengið fyrir „slikk“ í viðskiptum. Við aðra yfirheyrslu hjá lögreglu 29. apríl 2010 staðhæfði ákærði að peningarnir í bankahólfinu væru eign ákærða. Væri þeir hluti af tryggingabótum er ákærði hefði fengið og hluti af söluhagnaði af bát sem ákærði hafi selt. Fyrir dómi lýsti ákærði því að hann væri ekki eigandi þeirra fjármuna sem fundist hafi í hólfinu. Hafi hann lýsti því yfir að hann væri eigandi verðmætanna hjá lögreglu í því skyni að vernda föður sinn, sem þá hafði réttarstöðu sakbornings í málinu. Þá kom faðir ákærða, Guðmundur R. Guðlaugsson, fyrir dóminn og lýsti því yfir að hann væri eigandi fjármunanna í hólfinu. Lögregla lagði hald á fjölda minnismiða á heimili ákærða við húsleit þar. Var ákærði m.a. yfirheyrður um þessa miða hjá lögreglu 29. apríl 2010. Gat ákærði litlar skýringar gefið á efni miðanna.

Ákærði gat lýst með nokkuð greinargóðum hætti þeim munum sem lögregla lagði hald á í bankahólfinu í Íslandsbanka. Lýsti hann því yfir í tvígang hjá lögreglu að hann væri eigandi munanna. Faðir ákærða gat á hinn bóginn ekki gert grein fyrir innihaldi í bankahólfinu. Þegar þessi atriði eru virt telur dómurinn sannað að ákærði, Guðlaugur Agnar, hafi verið eigandi þeirra muna sem fundust í hólfinu. Lögregla hefur ritað greinargerð um fjármál ákærða. Samkvæmt því yfirliti nemur munur á ráðstöfunartekjum ákærða og skráðum tekjum hans á árinu 2009 og fram til mars 2010 ríflega 17.000.000 króna. Ákærði hefur ekki getað útskýrt þennan mismun nema með þeim hætti að um hafi verið að ræða svarta atvinnustarfsemi og önnur óskráð viðskipti. Engin gögn hefur hann getað lagt fram fullyrðingum sínum til stuðnings. Í málflutningi vék verjandi ákærða að því að gögn að baki greiningu lögreglu á fjármálum ákærða lægju ekki frammi í málinu. Því var lýst yfir við aðalmeðferð málsins af hálfu lögreglu að þessi gögn væru til staðar hjá lögreglu.

Hefði verjandinn því getað óskað eftir framlagningu þeirra við aðalmeðferð málsins. Hefur greinargerð lögreglu um fjármálin því fullt gildi. Ákærði hefur í þessu máli verið sakfelldur fyrir að hafa, í félagi við meðákærðu, staðið að innflutningi til landsins á umtalsvert miklu magni af kókaíni frá Spáni. Hann á að baki sakaferil frá árinu 2003 og hefur frá því ári samtals 5 sinnum verið dæmdur eða gengist undir sáttir vegna brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Hefur hann því í nokkur ár verið viðriðinn ólögleg ávana- og fíkniefni. Þegar þau atriði málsins eru virt að dómurinn telur sannað að ákærði hafi verið eigandi fjármunanna í bankahólfinu, að hann hefur haft mjög miklar ráðstöfunartekjur umfram skráðar tekjur sem hann hefur ekki getað gefið trúverðugar skýringar á, að á heimili ákærða fundust minnismiðar sem augljóslega tengjast viðskiptum með ávana- og fíkniefni og að ákærði hefur ítrekað áður gerst sekur um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi um nokkurt skeið fram til 15. apríl 2010 á höfuðborgarsvæðinu aflað sér ávinnings að fjárhæð 4.675.370 krónur og skartgripa að verðmæti 2.000.000 króna með sölu og dreifingu ótiltekins magns ávana- og fíkniefna. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt IV. kafla ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

III. og V. kafla ákæru.

Ákærðu, Orri Freyr og Davíð, játa sök samkvæmt III. og V. kafla ákæru. Með vísan til þeirrar játningar ákærðu, sem samrýmist gögnum málsins, er sekt þeirra sönnuð og verða þeir sakfelldur samkvæmt þessum köflum ákæru. Er háttsemi ákærðu rétt heimfærð til refsíákvæða í ákærinni.

Ákærði, Davíð Garðarsson, er fæddur í ágúst 1969. Hann á að baki sakaferil allt frá árinu 1985. Eru dómarnir nú orðnir 14 alls og eru þeir vegna brota á almennum hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Ákærði var síðast dæmdur 1. desember 2005 en þá var hann dæmdur í 2 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir nauðgun. Var honum veitt reynslulausn 11. desember 2008 í tvö ár á eftirstöðvum refsingum 310 dögum.

Ákærði, Guðlaugur Agnar, er fæddur í október 1986. Hann á að baki sakaferil frá árinu 2003. Eru refsídómarnir orðnir 5 talsins, en sáttir og viðurlagaákvörðanir 6 talsins. Síðast gekkst ákærði undir viðurlagaákvörðun 2008 fyrir brot gegn umferðarlögum.

Ákærði, Jóhannes, er fæddur í júlí 1958. Hann á að baki umferðarlagabrot frá árinu 2006.

Ákærði, Pétur Jökull, er fæddur í febrúar 1979. Hann á að baki tvo dóma, frá árunum 2007 og 2009. Fyrri brotið var gegn lögum um ávana- og fíkniefni en það síðar vegna brota gegn 1. mgr. 257. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði, Orri Freyr, er fæddur í mars 1980. Hann á að baki tvo refsídóma og 3 sáttir og eina viðurlagaákvörðun. Síðast var ákærði dæmdur á árinu 2010 en þá var hann dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn umferðarlögum og lögum um

ávana- og fikniefni.

Við ákvörðun refsingar ákærðu er til þess að líta að hlutur þeirra er mismikill. Þannig lögðu ákærðu, Guðlaugur Agnar og Orri Freyr, á ráðin og fjármögnuðu í sameiningu innflutning fikniefnanna. Er þáttur þeirra alvarlegastur. Ákærði, Davíð, tók að sér að finna vitorðsmann til að flytja efnin og sá til þess að þau kæmust í hendur ákærða, Orra Freys, eftir að þau voru komin til landsins. Ákærði, Pétur Jökull, tók að sér að finna vitorðsmann til að flytja efnin og aðstoðaði við að koma þeim í hendur ákærða, Orra Freys, eftir að efnin komu til landsins. Loks fólst þáttur ákærða, Jóhannesar, einungis í því að flytja efnin til landsins, en ekkert er fram komið um að hann hafi átt að njóta annars afraksturs en að fá fyrir verkið 1.000.000 króna. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærðu, Jóhannes, Pétur Jökull og Orri Freyr, játuðu sök. Refsing ákærða, Davíðs, er ákveðin fangelsi í 4 ár og 6 mánuði, en við ákvörðun refsingar er til þess litið að ákærði hefur með brotum sínum rofið skilyrði reynslulausnar sem honum var veitt 11. desember 2008 í tvö ár á eftirstöðvum refsingar 310 dögum. Verður reynslulausnin dæmd hér með. Refsing ákærða, Guðlaugs Agnars, er ákveðin fangelsi í 4 ár og 6 mánuði, en ákærða, Orra Freys, fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Refsing ákærða, Péturs Jökuls, er ákveðin fangelsi í 3 ár og ákærða, Jóhannesar, 2 ár. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærðu, svo sem í dómsorði greinir.

Haldlögð fikniefni og stungulyf eru gerð upptæk svo sem nánar greinir í dómsorði. Krafa um að 8.555.870 krónur og skartgripir að verðmæti 2.000.000 króna verði gert upptækt byggir á 1. tl. 1. mgr. 69. gr. b laga nr. 19/1940. Samkvæmt þeirri grein má gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot, þegar það er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og það getur varðað að minnsta kosti 6 ára fangelsi. Skilyrðum þessa ákvæðis er fullnægt í málinu og verða greindir fjármunir því gerðir upptækir svo sem nánar greinir í dómsorði.

Sakarkostnaður samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti nemur 2.395.405 krónum. Því var lýst yfir af hálfu ákærvalds í munnlegum málflutningi að ákærðu bæri ekki að greiða fjóra síðustu reikninga á yfirlitinu, samtals að fjárhæð 340.682 krónur. Samtals nemur sakarkostnaður því 2.054.723 krónum. Verða ákærðu dæmdir til að greiða sakarkostnaðinn óskipt.

Ákærðu verða dæmdir til að greiða verjendum sínum málavarnarlaun svo sem nánar greinir í dómsorði. Hefur þá verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson aðstoðarsaksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Davíð Garðarsson, sæti fangelsi í 4 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 11. apríl 2010 til dómsuppsögudags.

Ákærði, Guðlaugur Agnar Guðmundsson, sæti fangelsi í 4 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 16. apríl 2010 til dómshupsögudags.

Ákærði, Jóhannes Mýrdal, sæti fangelsi í 2 ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 11. apríl 2010 til 22. júní 2010.

Ákærði, Pétur Jökull Jónasson, sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 11. apríl 2010 til dómshupsögudags.

Ákærði, Orri Freyr Gíslason, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald ákærða frá 11. apríl 2010 til dómshupsögudags.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs 1.629,12 g af kókaíni, 6,23 g af kannabisefni og 3 millilítrar af stungulyfi er inniheldur anabólíska stera, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Þá eru upptæk gerð til ríkissjóðs 8.555.870 krónur og skartgripir að verðmæti 2.000.000 króna, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins.

Ákærðu greiði óskipt 2.054.723 krónur í sakarkostnað.

Ákærði, Davíð, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Karls Georgs Sigurbjörnssonar hæstaréttarlögmanns, 815.750 krónur.

Ákærði, Guðlaugur Agnar, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 313.750 krónur og þóknun verjanda á rannsóknarstigi Jóns Egilssonar héraðsdómslögmanns, 589.850 krónur.

Ákærði, Jóhannes, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hauks Arnar Birgissonar héraðsdómslögmanns, 903.600 krónur.

Ákærði, Pétur Jökull, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 313.750 krónur og þóknun verjanda á rannsóknarstigi Hjálmars Blöndal héraðsdómslögmanns, 514.550 krónur.

Ákærði, Orri Freyr, greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Hafstein héraðsdómslögmanns, 903.600 krónur.

Símon Sigvaldason.